

83 staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. janúar 1926 og birtist til eftirbreytni 16. nóv. öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngunálaráðuneytið, 16. nóv. 1925.

Jón Þorláksson.

Oddur Hermannsson.

84 STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Árgæðisfólksins, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 24. nóvember 1925. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Árgæðisfólksins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Árgæðisfólksins.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Jóhanni bónda Friðfinnssyni í Árgæði, með gjafabréfi dags. 19. apríl 1921, til minningar um foreldra hans, Friðfinn Sigurðsson og Önnu Jóhannsdóttur, og systkini hans, Benedikt Friðfinnsson, Danheiði Ingibjörgu og Maríu Indíönu Friðfinnsdætur.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá, að styrkja gamalmenni í Saurbæjarhreppi, 60 ára eða eldri, sem ekki þiggja sveitarstyrk, en vegna fátæktar eða heilsuleysis ekki geta unnið fyrir sjer. Þó má í einstöku tilfellum veita yngri mönnum en 60 ára styrk, ef stjórn sjóðsins finnur gildar ástæður til þess.

4. gr.

Stofnfje sjóðsins er kr. 4498.87 — fjögur þúsund fjögur hundruð níutíu og átta krónur og áttatíu og sjö aurar.

Sjóðinn má lána út gegn tryggu fasteignaveði og skulu bændur í Saurbæjarhreppi hafa forgangsrjett að þeim lánum.

Það af sjóðnum, sem ekki er þannig lánað út, skal jafnan ávaxta í banka, sparisjóði eða innlánsdeild, eftir því sem stjórnarnefnd telur best við eiga. **84** 24. nóv.

5. gr.

Þangað til sjóðurinn er orðinn 15000 krónur leggjast hálfir vextir við höfuðstól. Frá 15000—25000 kr. ber að leggja $\frac{1}{3}$ vaxta við höfuðstól og eftir það $\frac{1}{4}$ vaxtanna.

Hinum hluta vaxtanna ber að úthluta samkvæmt 3. gr. með þeirri undantekningu, sem ræðir um í 7. gr.

Höfuðstólinn má aldrei skerða.

6. gr.

Sjóðnum stjórnar 5 manna nefnd og er oddviti hreppsnefndarinnar sjálfkjörinn í nefndina, hina fjóra kjósa þeir, sem atkvæðisrjett hafa til Alþingis, á vorhreppaskilum, til sex ára í senn; sjeu þeir sinn úr hverri kirkjusókn: Möðruvalla- og Hóla-, en tveir úr hinum fyrverandi Saurbæjar- og Miklagarðs-sóknum. Skulu eftir þrjú ár tveir ganga úr nefndinni eftir hlutkesti, og síðan tveir þriðja hvert ár.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á honum, sjer um útlán og innheimtu skulda, og ákveður, hverjum beri að veita styrk af vöxtum sjóðsins.

Þóknun fyrir ritstörf, bækur og ritföng greiðist af hvers árs vöxtum hans. Reikningsárið er almanaksárið.

Fyrir janúarmánaðarlok skal senda sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu reikninginn, sem lætur rannsaka hann og leiðrjetta, ef með þarf. Skal birta reikninginn á þann hátt, sem sýslunefndin ákveður.

8. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum sjeu komnar til stjórnarnefndar fyrir lok septembermánaðar ár hvert, og fylgi þeim vottorð skilríkra manna um efnahagsástæður og styrkþörf umsækjenda. Engan einstakan skal styrkja með minni upphæð en kr. 50.00.

9. gr.

Heimilisfang og varnarþing sjóðsins skal vera í Saurbæjarhreppi.

10. gr.

Tilgangi skipulagsskrár þessarar má aldrei breyta.

84

24. nóv.

11. gr.

Skipulagsskrá þessi er samin af undirrituðum samkvæmt fyrirmælum gefandans í gjafabryjfi dags. 19. apríl 1921.

Óskað er eftir konunglegri staðfestingu á henni.

p. t. Hálsi í Saurbæjarhreppi, 5/4 1924.

Benedikt Einarsson, Vald, Pálsson,

85

2. des.

AUGLÝSING

um

innköllun krónuseðla

Samkvæmt lögum nr. 19, 27. júní 1925 um innlenda skiftimynt, hafa verið slegnir krónupeningar og tveggjakrónupeningar, sem verða gjaldgengir hjer á landi einungis. Skiftimyntir þessar geta menn útvegað sjer hjá Landsbanka Íslands og útibúum hans.

Með því að þannig verður ekki lengur þörf fyrir krónuseðla þá, sem Landsbankinn hefir gefið út fyrir ríkissjóð Íslands og ganga manna á meðal, þá hefir verið ákveðið að þessir seðlar skuli frá 1. ágúst 1926 hætta að vera löglegur gjaldeyrir í ríkissjóð og manna á meðal, og ber því þeim, sem hafa í höndum seðla þessa, að gefa sig fram innan þessa frests við Landsbankann í Reykjavík eða eitthvert útibúa hans til þess að fá þeim skift fyrir hina nýslegnu skiftimynt eða fyrir aðra gjaldgenga bankaseðla. Ef þeir, er hafa hina nefndu krónuseðla í höndum, koma ekki fram með þá innan framangreinds tíma, þá skulu seðlar þeir ógildir vera án frekari innköllunar, og til einskis nýtir, svo að engin krafa verður upp frá því á þeim byggð.

Þetta birtist öllum þeim til leiðbeiningar, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 2. des. 1925.

Jón Þorláksson.

Gísli Ísleifsson.